

Launaforsendur

Launaforsendur þurfa að vera fyrir hendi til að reikna launin. Þær hafa mörg nöfn og mismunandi virkni. Dæmi um forsendur sem allir starfsmenn fá þegar starf er skráð eru staðgreiðsla, tryggingargjald og útborguð laun. Þessi gerð af forsendum er ekki sýnileg í ábyrgðarsviðum launafulltrúa almennt. Forsendur sem fylgja skráningu á starfi eru stéttarfélag og lífeyrissjóður starfsmanns (félagsgjöld og launatengd gjöld).



Þær launategundir sem koma ekki sjálfkrafa inn með því að skrá upplýsingar í myndina Starf þarf að skrá sérstaklega. Þegar búið er að skrá starf þarf að skrá föst mánaðarlaun og aðrar fastar greiðslur sem á að greiða. Hægt er að skrá fastan frádrátt sem þarf að innheimta mánaðarlega t.d. húsaleigu. Til að komast í skráningarmyndina launaforsendur er smeltt á hnappinn launaforsendur í skráningarmyndinni Starf.

1.

Smeltt er á hnappinn „Launaforsendur“ inni í „Starf-myndinni“ til að komast í skráningarmyndina Launaforsendur.

Starf: 01.07.2014(Jón Jónsson)

Skipulagseining	FLK Áætlana- og þróunarsvið	Stéttarfélag	5574.9401
Starfsheiti	FLK.Launafulltrúi.	Stöðuheiti	
Samn. og launafi.	631.040	Keyrsla	Mánaðargreiðsla
Staðsetning	FLK Áætlunar- og þróunarsvið	Staða	Virkt starf
		Laust starf	
Starfsnúmer	87938	Stéttarfélagssamningur	
Starfaflokkun	Dagvinna	Starfaflokkun	

Launaupplýsingar **Næsti yfirmaður** Reynslu- og uppsagnarfrestur Vinnutími Lögboðnar upplýsingar Ýmislegt

Nafn Jóna Jónsdóttir,
Starfsm.númer 100089

Gildisdagsetning
Frá 01.01.2014 Til [..0]

Launaforsendur Starfshlutfall Launaseðlar Agnað...

3.

Launategund valin úr listanum með því að smella á heiti hennar og smella á OK.

4.

Nú er búið að skrá launategundina og hægt er að fylla út í forsendugildi ef þarf. Til að opna skráningarmyndina Forsendugildi er smellt á hnappinn „forsendugildi“.

Fastar tekjuforsendur

Skrá þarf fastar launategundir fyrir hvern starfmann í launaforsendumyndinni. Með hverri tekjutegund fylgja eftirfarandi skráningarsvæði:

Forsendugildi (hnappurinn) og virkni reita í skráningarmyndinni forsendugildi fastra forsendna:

- 1) Einingar: Skráður fjöldi tíma, nema um mánaðarlaunaforsendu sé að ræða. Föst mánaðarlaun sækja ávallt í skráð starfshlutfall en þó má yfirskrifa starfshlutfallið með því að skrá í einingar.
- 2) Samningur: Venjulega er þetta svæði grátt og launategundin sækir í samninginn sem skráður er á starfinu. Í ákveðnum launategundum er búið að festa samning eða samningssvæðið er opið fyrir skráningu.
- 3) Launaflokkur: Allar launategundir sækja í þann launaflokk sem skráður er á starfinu en sé eitthvað skráð á forsenduna sjálfa er það rétt hærra og yfirskrifar launaflokkinn á starfinu.
- 4) Prep: Í þeim kjarasamningum sem eru með þrepareikning eru þau reiknuð út samkvæmt þrepareglum og líf- eða starfsaldri starfsmanns. Þó er hægt að festa niður þrep með því að yfirskrifa það í þessum reit. Samið er sérstaklega um tiltekin þrep í kjarasamningum t.d. lækna.
- 5) Dags frá: Notað til að stýra frá hvaða degi launin eru reiknuð. Skráning á forsendunni sjálfri yfirskrifar aðrar dagsetningar. Þegar laun eru greidd fyrir styttra tímabil en heilan mánuð telur launakerfið hve margir mánudagar til föstudagar (óháð sérstökum frídögum sem hitta á mán-

fös) eru á tímabilinu og deilir í þá með 21,67 sem er meðaltal virkra daga í mánuði og greiðir hlutfallið sem reiknast út úr því.

6) Dags til: Notað til að stýra til hvaða dags á að reikna launin, eða hve lengi launaforsendan á að virka. Skráning á forsendunni sjálfri yfirskrifar aðrar dagsetningar. Sjá nánari útskýringar á meðhöndlun dagsetninga hér að neðan. Þegar laun eru greidd fyrir styttra tímabil en heilan mánuð telur launakerfið hve margir mánudagar til föstudagar (óháð sérstökum frídögum sem hitta á mán-fös) eru á tímabilinu og deilir í þá með 21,67 sem er meðaltal virkra daga í mánuði og greiðir hlutfallið sem reiknast út úr því.

7) Mínus: Á tekjutegundum er reitur til að stilla hvort upphæðin er neikvæð eða ekki. tekjutegundum fylgir reitur til að stilla hvort upphæðin er neikvæð eða ekki. Í flestum tilvikum er sjálfgefið að upphæðin sé jákvæð (Nei er í reitnum).

8) Orlofsrofi: Búið er að setja sjálfgefið gildi á orlofsrofa fyrir hverja launategund (venjulega já) en það má yfirskrifa á forsendunni sé þörf á.

Auk þessa eru skilgreind nokkur svæði sem er ekki skráð í (reiknaður einingafjöldi, taxti, sam-
lfl þrep og Pay Value o.s.fr.).

Breytilegar tekjuforsendur

Breytilegar forsendur virkni: virka eingöngu í eina útborgun, einingafjöldi hlutfallsreiknast ekki, það greiðist bara sá einingafjöldi sem skráður er, taxti greiðist miðað við dagsetninguna sem skráð er í Dags. til reitinn óháð því hvaða dagsetning er í Dags. frá reitnum ef engin dagsetning er skráð þá er sá taxti greiddur sem tilheyrir launatímabilinu sem verið er að reikna launin í. Tekjuforsendur sem greiddar eru stundum eins og t.d. vegna tilfallandi yfirvinnu á uppgjörstímabili eru skráðar sem *breytilegar forsendur*.

Forsendugildi (hnappurinn) og virkni reita fyrir breytilegar forsendur í skráningarmyndinni forsendugildi:

- 1) Einingar: Skráður fjöldi tíma eða eininga.
- 2) Samningur: Venjulega er þetta svæði grátt og launategundin sækir í samninginn sem skráður er á starfinu. Ákveðnar launategundir koma með svæðið útfyllt því þær eiga að sækja í fastákveðinn taxta.
- 3) Launaflokkur: Allar launategundir sækja í þann launaflokk sem skráður er á starfinu en sé eitthvað skráð á forsenduna sjálfa er það rétt hærra og yfirskrifar launaflokkinn á starfinu. Ákveðnar launategundir koma með svæðið útfyllt því þær eiga að sækja í fastákveðinn taxta.
- 4) Þrep: Í þeim kjarasamningum sem eru með þrepareikning eru þau reiknuð út samkvæmt þrepareglum og líf- eða starfsaldri starfsmanns. Þó er hægt að festa niður þrep með því að yfirskrifa það í þessum reit. Samið er sérstaklega um tiltekin þrep í kjarasamningum t.d. lækna.
- 5) Dags frá: Notað til að birta frá hvaða degi tímarnir eða einingarnar sem verið er að greiða tilheyra. Ef ekkert er skráð þá birtist launategundin á launaseðli með dagsetningu frá **1. degi launatímabilsins**. Launakerfið hlutfallsreiknar ekki út frá dagsetningum sem skráðar eru í reitina dags frá og dags til.
- 6) Dags til: Ef ekki er skráð dagsetning í þennan reit þá reiknar launakerfið út frá síðasta almanaksdegi launatímabilsins. Sú dagsetning sem er skráð í "dags til" stýrir því á hvaða taxta greiðslan reiknast. Þegar launatafla hækkar vegna kjarasamninga þá stýrir þessi dagsetning því skv. hvaða launatöflu launin reiknast. Launakerfið hlutfallsreiknar ekki út frá dagsetningum sem skráðar eru í reitina "dags frá" og "dags til" það reiknar bara þann einingafjölda sem skráður er í reitinn.
- 7) Mínus: Á tekjutegundum er reitur til að stilla hvort upphæðin er neikvæð eða ekki. Í flestum tilvikum er sjálfgefið að upphæðin sé jákvæð (Nei er í reitnum).



Breytileg forsenda greiðir nákvæmlega þann einingafjölda sem skráður er í einingar



8) Orlofsrofi: Búið er að setja sjálfgefið gildi á orlofsrofa fyrir hverja launategund (venjulega já) en það má yfirskrifa á forsendunni sé þörf á.

Auk þessa eru skilgreind nokkur svæði sem er ekki skráð í (reiknaður einingafjöldi, taxti, samfl þrep og Pay Value o.s.fr.).

Gildsdagsetningar og launkerfið

*Launakeyrsla
alltaf tímasett
síðasta
almanaksdag
hvers mánaðar.*

Launakeyrsla hvers mánaðar er alltaf tímasett í lok hvers mánaðar, óháð því hvenær keyrslan á sér raunverulega stað (lokakeyrsla getur verið 26. mánaðar en gildisdagsetning launkeyrslu er samt 31. mánaðar ef hann er t.d. 31. október. Í launakeyrslu er því tekið saman hvaða launaforsendur eru gildar (finnast) síðasta almanaksdag keyrslumánaðarins og þær reiknaðar.

Til að tryggja að launafulltrúi sjái forsendurnar eins og launkeyrslan - er ágætis vinnuregla að staðsetja sig alltaf á lokadegi keyrslumánaðar þegar verið er að fara yfir forsendurnar sem eru til greiðslu.

Nánar um meðhöndlun dagsetninga

Launkeyrsla og dagsetningar



Launakeyrslan er alltaf dagsett síðasta dag mánaðarins sem launavinnslan er gerð. Öll störf og launaforsendur sem á að reikna með í útborgunina þurfa að vera til á þeim degi og eru reiknuð eins og þau eru þann dag. Launakeyrslan vinnur ekki úr sögu innan mánaðarins t.d. starfshlutfalli sem hefur verið breytt innan mánaðarins.

Eigi föst tekjuforsenda að virka tímabundið er hægt er að láta kerfið fella niður launaforsenduna á réttum tíma með því að skrá í forsendugildi í reitinn „dags til“ dagsetningu fram í tímann, launakeyrslan lætur þá forsenduna falla út eftir síðasta dag þess launatímabils sem „dags til“ er innan en greiðir bara laun til dagsetningarinnar sem skráð er í „dags til“ (t.d. dags til er 20.11 þá fær forsendan Gildisdagsetning til = 30.11 en launin reiknast til 01.11-20.11).

Upphaf- og lokadagur starfs

*Hlutföllun
þegar starf
hefst eða
lýkur innan
mánaðarins*

Hefjist starf innan mánaðar reiknar launakerfið hve margir mánudagar til föstudagar eru frá upphafi starfs til loka mánaðarins (eða loka starfs ef það er innan í mánuði) og deilir í með 21,67 (meðaltal virkra daga í mánuði) og fær út hlutfallið sem greiða skal. Ef önnur dagsetning er skráð í forsendugildi í reitinn „dags frá“ en upphafsdagur starfsins er þá er sú skráning réttþærri og launakeyrslan reiknar frá þeim degi.

Dæmi: Starf er stofnað 10.10 en í forsendu er skráð í „dags frá“ 01.10 þá reiknar launakeyrslan forsenduna frá 01.10. til 31.10.

Ef starfslok eru skráð á starf innan mánaðar reiknar launakerfið hve margir mánudagar til föstudagar eru frá upphafi launatímabilsins (eða upphafi starfs ef innan sama mánaðar) til loka mánaðarins og greiðir hlutfallið. Ef önnur dagsetning en starfslokin eru á er skráð í „dags til“ þá er reiknað til þess dags sem skráður er í „dags til“.

Fastar forsendur er stundum gott að geta skráð þannig að þær virki tímabundið yfir nokkra mánuði. T.d. fæðingarorlof þá er hægt að skrá í „dags frá“ upphafsdag fæðingarorlofs og í „dags til“ lokadag fæðingarorlofs. Launakeyrslan vinnur út frá því að ef „dags frá“ og „dags til“ eru ekki innan sama mánaðar þá greiðir hún bara þann mánuð sem launakeyrslan er að vinna og reiknar hlutfall ef fyrsti og síðasti mánuðurinn eru hlutar úr mánuðum.

Dæmi um greiðslur hluta úr mánuði

Dæmi

Starfsmaður fer í fæðingarorlof frá 16.07. þá þarf að spá í að greiðslan fyrir unna tímann úr mánuðinum gefi sem næst réttu hlutfalli miðað við unna mánudaga til föstudaga. Árið 2014 eru þetta 11 dagar og þá eru 13 dagar sem lenda á mánudegi til föstudags fæðingarorlofsmegin. Þá skráir maður færslurnar svona:

mánaðarlaun 01.07.-15.07. + færsla

fæðingarorlof 01.07.-31.07 + færsla

fæðingarorlof 01.07.-15.07. - færsla

